

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (tekjuskattur einstaklinga, barnabætur, persónuafsláttur).

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti hefur áður bent á, m.a. í nefndarálitum, að á árunum fyrir efnahagshrunið jókst ójöfnuður hér á landi mikið og mun meira en annars staðar á Vesturlöndum en minnkaði síðan í hruninu. Um þetta er m.a. fjallað í bókinni *Ójöfnuður á Íslandi* eftir Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson sem kom út haustið 2017. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar aukins ójafnaðar fyrir hrun skýrist af miklum vexti fjármagnstekna í efri hluta tekjustigans. Stærsti hluti þess þriðjungs sem eftir stendur skýrist af breyttri stefnu stjórnvalda í skatta- og bótamálum. Eftir hrun snerist þetta algjörlega við því þá skýrðist vaxandi jöfnuður að einum þriðja hluta af stefnu stjórnvalda í skatta- og bótamálum en að tveimur þriðju hlutum af minnkandi fjármagnstekjum. Nú hefur sú þróun sem varð fyrir efnahagshrunið hafist aftur og aðgerðir ríkisstjórnarinnar ýta undir vaxandi ójöfnuð líkt og aðgerðir hinna tveggja ríkisstjórnanna sem starfað hafa eftir hrun.

Þetta má lesa úr svari fjármála- og efnahagsráðherra við spurningum formanns Samfylkingarinnar um eignir og tekjur landsmanna árið 2018 (97. mál á 150. löggjafarþingi). Þar kemur m.a. fram að ríkasta 0,1 prósent framteljenda áttu 260,2 milljarða kr. í lok árs 2018, alls 238 fjölskyldur. Eigið fé þeirra jókst um 23,6 milljarða kr. á árinu 2018. Frá árinu 2010 hefur eigið fé ríkasta 0,1% landsmanna aukist um 98 milljarða kr., eða um 68%.

Í svari ráðherra kemur einnig fram að 5% ríkustu Íslendinganna, alls 11.900 fjölskyldur, hafi átt eigið fé upp á 1.864 milljarða kr. um síðustu áramót. Það er 218 milljörðum kr. meira en hópurinn átti í árslok 2017. Frá 2010 hefur milljörðunum í eigu þessa hóps fjölgað um 970. Ríkustu 5% áttu 40,8% af öllu eigin fé landsmanna í lok síðasta árs sem þýðir að hin 95% fjölskyldna í landinu áttu 59,2% þess.

Við mat þessara upplýsinga er rétt að hafa í huga að eigið fé ríkustu hópa landsmanna er stórlega vanmetið í svörum ráðherrans því öll verðbréfaeign (hlutabréf í innlendum og erlendum hlutafélögum, eignarskattfrjáls verðbréf, stofnsjóðseign og önnur verðbréf og kröfur) er metin á nafnvirði en ekki markaðsvirði.

Tæki til jöfnunar.

Stjórnvöld búa yfir stýritækjum sem geta í senn mildað og magnað ójöfnuðinn í skiptingu tekna og eigna í samfélaginu. Ríkisstjórnarflokkarnir kjósa að veikja þau stýritæki í stað þess að beita þeim með árangursríkum hætti til jöfnunar.

Miðstjórn ASÍ hefur bent á að rannsókn hagdeildar ASÍ á skattbyrði sýni að skattbyrði launafólks síðastliðin 20 ár hafi aukist og þeim mun meira eftir því sem tekjurnar eru lægri. Í ályktun miðstjórnarinnar um fjárlagafrumvarpið á fundi 18. september sl. sagði: „Miðstjórn ASÍ fagnar því að loks liggi fyrir nýjar tillögur stjórnvalda að breytingum á tekjuskattkerf-

inu sem beðið hefur verið með mikilli eftirvæntingu. Breytingarnar skila sér hins vegar of seint í vasa launafólks og stjórnvöld bregðast hlutverki sínu við að láta þá sem eru aflögufærir greiða réttlátan hlut til samfélagsins til að tryggja viðunandi fjármögnun velferðar og samfélagsinnviða.“

ASÍ hefur einnig með kröfum sínum um umbætur á tekjuskattkerfinu „lagt ríka áherslu á að breytingarnar verði ekki nýttar til þess að lækka tekjur ríkissjóðs, draga úr getu hans til þess að standa undir velferðarþjónustu og nauðsynlegri uppbyggingu samfélagsinnviða og/eða auka áherslur á notendagjöld og nefskatta sem draga úr jöfnunaráhrifum skattkerfisins“.

Fyrsti minni hluti tekur undir með ASÍ og gagnrýnir að tekjuskattkerfið, barnabætur og húsnæðisstuðningur séu ekki nýtt með markvissum hætti til jöfnunar. Sama má segja um fjármagnstekjuskatt sem er lægri hér en annars staðar á Norðurlöndum og stóreignaskatt til að vinna gegn eignaójöfnuði sem fer vaxandi hér á landi.

Margir búa enn við óviðunandi aðstæður á húsnæðismarkaði. Breytingar á húsnæðiskerfinu þurfa að hafa hagsmuni launafólks og heimila að leiðarljósi fremur en hagsmuni fjármagnseigenda. Húsnæðisstuðningur stjórnvalda er veikburða og ekki í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Skattar og jöfnuður.

Skattastefna stjórnvalda segir til um hvernig þau vilja búa að almenningi og hvernig stjórnvöld vilja sjá samfélagið þróast. Jöfnunarhlutverk skattkerfisins og áhrif þess á eignamyndun og tekjudreifingu eru ekki síður mikilvæg en tekjuöflunarhlutverk þess. Franski hagfræðingurinn Thomas Piketty er sama sinnis og leggur til í metsölubók sinni sem kom út árið 2014 að komið verði á þrepaskiptum fjármagnsskatti til að auka jöfnuð í heiminum. Hann telur að skattkerfið sé langáhrifamesta tæki samfélagsins til að ná því markmiði að jafna kjör fólks.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) birti í desember 2014 skýrslu þar sem vitnað er til rannsókna sem sýna að aukinn ójöfnuður dregur úr hagvexti. Þær rannsóknir og fleiri virtar rannsóknir sýna að meiri jöfnuður leiðir til sanngjarnari samfélaga og styrkir hagkerfi og hagsæld.

Ef stjórnvöld vilja jafna leikinn hér á landi til að auka samfélagslegt traust þarf að beita bæði skatta- og bótakerfinu með kröftugum hætti.

Helsta niðurstaða skýrslu frá norrænu ráðherranefndinni sem kom út í apríl í fyrra er að vaxandi ójöfnuð á Norðurlöndum megi skýra með því að bætur hafi ekki hækkað í takt við laun undanfarin ár. Ef stjórnvöld vildu vinna að auknum jöfnuði ættu þau að taka á þessu og sjá til þess að velferðarþjónusta verði gjaldfrjáls eða í boði fyrir mjög vægt gjald.

Skattkerfisbreytingar sem stuðla mundu að auknum jöfnuði hér á landi væru t.d. fleiri skattþrep sem tækju einnig til þeirra allra tekjuhæstu, þrepaskiptur fjármagnstekjuskattur og stóreignaskattur á umtalsverðar eignir umfram íbúðarhúsnæði fólks ásamt auknu vægi barna- og húsnæðisbóta.

Breytingar síðustu ára á barna- og húsnæðisbótum, virðisaukaskatti og tekjuskatti ásamt afnámi auðlegðarskatts hafa allar haft neikvæð áhrif á jöfnuð. Niðurstöður alþjóðlegra rannsókna sem sýna neikvæð áhrif ójafnaðar á samfélög ásamt íslenskum og erlendum greiningum sem sýna skýr áhrif tekjujöfnunaraðgerða ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur ættu að vera stjórnarmeirihlutanum næg rök fyrir því að hverfa frá stefnu ójafnaðar síðastliðinna ára og til að forðast að róa aftur á mið vaxandi misskiptingar.

Löngu er tímabært að endurskoða skattalöggjöfina. Þar verður bæði að líta til tekjuöflunarhlutverksins sem og tekjujöfnunarhlutverksins. Einstökum greinum hefur margoft verið

breytt frá gildistöku laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og ákvæði til bráðabirgða eru margir tugir talsins.

Breyting á skattþrepum.

Í 3. gr. frumvarpsins sem er hér til umfjöllunar er lagt til að bráðabirgðarákvæði LIX í lögunum um tekjuskatt verði framlengt um tvö ár. Af því leiðir að fjárhæðarmörk milli skattþrepa og persónuafsláttur munu áfram miðast við vísitölu neysluverðs en ekki launavísitölu eins og réttlátara væri.

Með samþykkt ákvæðisins verður innbyggð skattahækkun framlengd ef launavísitalan verður hærri árin 2019–2021 sem útlit er fyrir. Fyrsti minni hluti telur að miða ætti við launavísitölu í þessum efnunum í stað neysluvísitölu og að það sama ætti að gilda um breytingar á barna-, húsnæðis- og vaxtabótum.

Barnabætur.

Barnabótakerfið hefur markvisst verið veikt undanfarin ár og þúsundir barnafjölskyldna hafa dottið úr kerfinu. Í umsögn ASÍ kemur m.a. fram að skattbyrði para sem hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk með tvö börn á framfæri sé nú rétt um einu prósentustigi lægri en barnlausra para með sömu tekjur. Skattbyrði tekjuhærri para með og án barna er hin sama. Þetta sýnir að jöfnunarhlutverk barnabótakerfisins er ekki nýtt eins og best verður á kosið enda virðist fyrirmynd ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur vera tillögur Alþjóðdagjaldeyris-sjóðsins um fátækra styrk til barnafjölskyldna í stað þess að líta til hinna norrænu ríkjanna um að barnabætur styrki stöðu barnafólks í samanburði við hina sem ekki eru með börn á framfæri.

Húsnæðisstuðningur.

Í umsögn ASÍ kemur fram að húsnæðisöryggi, viðráðanlegur húsnæðiskostnaður og jafnt aðgengi að húsnæðismarkaði hafi verið meðal helstu áherslna verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum við stjórnvöld í aðdraganda kjarasamninga síðastliðið vor. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga gerir frumvarpið ráð fyrir að húsnæðisstuðningur fari lakkandi að raunvirði milli ára og áætlanir gera ráð fyrir að svo verði áfram.

Í heild hefur húsnæðisstuðningur í gegnum vaxtabótakerfið rýrnað að raungildi um meira en 70% frá árinu 2013 og heimilum sem fengu vaxtabætur fækkaði um 27.000 milli árána 2013 og 2018. Þá hafa bótafjárhæðir (hámarksbætur) verið nánast óbreyttar frá árinu 2010. Þetta gerir að verkum að kerfið styður við sífellt færri heimili. Tekjulágt barnafólk sem á lítið eigið fé í húsnæði sínu fær nú lítinn sem engan stuðning í gegnum vaxtabótakerfið.

Lækkun vaxtabóta verður til þess að þurrka út ávinning lágtekjufólks, sem á lítið eigið fé í sínu húsnæði, af breytingum á tekjuskattkerfinu á árinu 2020 þannig að skattbyrði að teknu tilliti til tilfærslna eykst í reynd.

ASÍ bendir einnig á að sé horft til þróunar á framlögum til vaxtabóta síðastliðinn áratug má sjá að samhliða tilkomu almenna íbúðakerfisins og vexti stofnframlaga til byggingar hagkvæmra leiguíbúða fyrir tekjulága hafa framlög til vaxtabóta dregist saman um svipaða fjárhæð. Stofnframlögin hafa þannig ekki verið aukin framlög til húsnæðismála eins og þeim var ætlað heldur í reynd greidd með lækkun á öðru stuðningsformi.

Því ástandi á að viðhalda á árinu 2020 þrátt fyrir fögur fyrirheit ríkisstjórnarinnar sem reynast orðin tóm.

Ýtt undir ójöfnuð og fátækt.

Stjórnarmeirihlutinn leggur til að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga hækki annað árið í röð umtalsvert minna en lægstu laun og kjör lífeyrisþega versna í samanburði við aðra hópa. Lagt er til að lífeyrir almannatrygginga hækki um 3,5% í upphafi árs 2020 en lægstu laun hækka samkvæmt kjarasamningum um 5,7% á árinu 2020.

Lágmarksframfærsla almannatrygginga fyrir einstakling sem býr einn verður því 321.687 kr. á árinu 2020 og hefur þá frá árinu 2018 hækkað úr 300.000 eða um 7,2% á sama tíma og lægstu laun munu hafa hækkað um 11,7% og verða 335.000 kr. Fyrir einstakling sem býr með öðrum verður lágmarksframfærslutrygging um 256.000 kr. og hefur þá hækkað um 7,2% frá árinu 2018.

Fyrsti minni hluti telur með öllu óásættanlegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega skerðist samanborið við aðra. Sú eðlilega og réttmæta krafa að enginn verði undir lágmarkslaunum á Íslandi var felld við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og þeir þingmenn sem bera þá ríkisstjórn uppi vilja að öryrkjar, sem ekki hafa valið sér hlutskipti sitt og löggjafinn sér um að ákveða á hvaða kjörum verða, verði fátækastir allra á Íslandi.

Meðal eldri borgara sem fá einvörðungu greiðslur frá Tryggingastofnun er hópur kvenna fjölmennur. Um 70% lífeyrisþega sem búa við lökustu kjörin eru konur sem voru í hluta-störfum eða heimavinnandi á árum áður. Meðal þeirra sem eru allra verst staddar eru konur af erlendum uppruna. Þessi hópur kvenna hefur unnið sér inn lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum og þær hafa mjög takmörkuð úrræði til að bæta kjör sín.

Bil á milli þeirra fátæku og ríku breiðkar vegna aðgerðaleyfis stjórnvalda sem segja eitt í ræðum en ákveða annað með fjárlögum. Á sama tíma eru veiðigjöld lækkuð umtalsvert á stórútgærðir sem sannarlega líða engan skort. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er skýr og 1. minni hluta finnst hún óásættanleg.

Tryggingagjald.

Fyrsti minni hluti styður lækkun tryggingagjalds og tekur undir með meiri hlutanum að sú aðgerð styrki samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Alþingi, 28. nóvember 2019.

Oddný G. Harðardóttir.